

Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, GÖ, HjálmJ, JBjart, LB, KF).

1. Við 32. gr. Í stað „108. og 109. gr.“ í 2. mgr. komi: 108. gr.
2. Við 107. gr. 2. mgr. falli brott.
3. Við 108. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrsögn:

Úthlutun jöfnunarsæta.

Þau stjórnmalasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa a.m.k. fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórnmalasamtaka, sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., og hvaða framboðslistar þeirra hafa hlotið jöfnunarsæti skal fyrst telja saman atkvæðatölur þeirra á landinu öllu og kjördæmissæti þeirra skv. 107. gr.

Síðan skal fara þannig að fyrir þessi samtök:

1. Deila skal í atkvæðatölur samtakanna með tölu kjördæmissæta þeirra, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölurnar nefnast landstölur samtakanna.
2. Taka skal saman skrá um þau tvö sæti hvers framboðslista sem næst komust því að fá úthlutun í kjördæmi skv. 107. gr. Við hvert þessara sæta skal skrá hlutfall útkomutölu sætisins skv. 1. tölul. 107. gr. af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.
3. Finna skal hæstu landstölu skv. 1. tölul. sem hefur ekki þegar verið felld niður. Hjá þeim stjórnmalasamtökum, sem eiga þá landstölu, skal finna hæstu hlutfallstölu lista skv. 2. tölul. og úthluta jöfnunarsæti til hans. Landstalan og hlutfallstalan skulu síðan báðar felldar niður.
4. Nú eru tvær eða fleiri lands- eða hlutfallstölar jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Þegar lokið hefur verið að úthluta jöfnunarsætum í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 8. gr. skulu hlutfallstölar allra lista í því kjördæmi felldar niður.
6. Hafi allar hlutfallstölar stjórnmalasamtaka verið numdar brott skal jafnframt fella niður allar landstölar þeirra.
7. Beita skal ákvæðum 3. tölul. svo oft sem þarf þar til lokið er úthlutun allra jöfnunarsæta, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Prentað upp.

4. Við 109. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Jöfnunarmenn og varaþingmenn.

Frambjóðendur, sem hljóta jöfnunarsæti, teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði, í þeirri röð sem sætum er úthlutað eftir 108. gr.

Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna skv. 107. eða 108. gr., hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna.

5. Við 110. gr. Í stað „107. og 109. gr.“ í 1. mgr. komi: 107. og 108. gr.
6. Við 113. gr. Í stað „108. og 109. gr.“ komi: 108. gr.
7. Við 114. gr. Í stað orðanna „Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans“ í 3. másl. 5. mgr. komi: Sé umboðsmaður eigi mættur.
8. Við 122. gr. Í stað „107. og 110. gr.“ í 1. mgr. komi: 109. og 110. gr.
9. Við 129. gr. Í stað „107.–109. gr.“ í 2. mgr. komi: 107.–108. gr.